



Samgönguráðherra hr. Kristján L. Möller
Samgönguráðuneytinu
Hafnarhúsi v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík 4. október 2007

Aksturs- og hvíldartímareglur ökumanna

Þessa dagana fer fram af hálfu Samgönguráðuneytisins vinna við innleiðingu reglugerðar EB 561/2006.

Hefur ráðuneytið lýst því yfir að það sé tilbúið að skoða hvort hægt sé að sækja um undanþágur frá reglugerðinni vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi og hefur í því sambandi óskað eftir tillögum SA og þeirra aðildarfélaga sem málið varða svo og launþegahreyfingarinnar.

Í reglugerðinni sjálfri eru að finna ákvæði sem heimila slíkar undanþágur. Bæði er um að ræða tiltekna takmarkaðar undanþáguheimildir sem ríki geta einhliða valið að nýta sér svo og mjög rúmar undanþáguheimildir sem sækja þarf sérstaklega um leyfi til að nýta. Eru það hinar síðarnefndu undanþáguheimildir í 3. mgr. 13. gr. og 14. gr. reglugerðarinnar, sem SA vill að samgönguráðuneytið beiti sér fyrir að nýttar verði. Í núgildandi reglugerð EB um hvíldar- og akstur tíma ökumanna nr. 3820/85 sem innleidd var í íslensk lög með reglugerð 662/2006 var ekki að finna jafnrúmar undanþáguheimildir. Eðlilegt er að reyna að aðlaga betur núgildandi aksturs- og hvíldartímareglur ökumanna að íslenskum aðstæðum en gert var við innleiðingu á reglugerð EB 3820/85 á sínum tíma. Verður ekki séð að markmiðum reglugerðarinnar verði á nokkurn hátt stefnt í hættu með slíkum undanþágum enda er það meginmarkmið hennar að “samræma samkeppnisskilyrði flutningsmála á landi og skipgengum vatnaleiðum”, sem eðli málsins samkvæmt á ekki við hér á landi.

Undanþágur frá gildissviði reglugerðarinnar:

1. Í formála reglugerðarinnar og í 2. gr. hennar er gildissviðið afmarkað á þann hátt að hún gildi innan Bandalagsins eða milli Bandalagsins, Sviss og landanna sem eiga aðild að samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið. Skv. orðanna hljóðan virðist hún því ekki eiga að gilda innan Evrópska Efnahagssvæðisins, né innan einstakra aðildarríkja Evrópska Efnahagssvæðisins. Um túlkun á þessu ákvæði eru þó skiptar skoðanir en lagt er til með tilliti til þessa að skoðað verði sérstaklega hvort Ísland er bundið af því að innleiða reglugerðina.
2. Ef reglugerðin verður innleidd, er lagt til að akstur hópbifreiða fyrir 9 - 17 manns verði undanþeginn frá reglum um akstur- og hvíldartíma ökumanna. Að þessu leyti verði því óbreytt ástand frá því sem nú gildir.
 - Samkvæmt reglugerðinni munu bifreiðar sem flytja fleiri en 9 farþega að ökumanni meðtöldum falla undir gildissvið hennar. Þetta mun þýða að svokallaðar skutlur sem í dag flytja t.d. áhafnir flugvéla á Keflavíkurflugvöll og smærri hópa ferðamanna út um landið munu falla undir akstur- og hvíldartímareglur.
3. Þá er lagt til að aksturs- og hvíldartímareglur ökumanna gildi ekki um reglubundna farþegaflutninga svo fremi að aksturleiðin sé skemmri en 100 km.
 - Reglugerðin gildir ekki um strætisvagnaferðir innan 50 km radius. Teljum við þörf á að fá sérstaka undanþágu frá gildissviði reglugerðarinnar að þessu leyti þar sem Keflavíkurflugvöllur er rétt utan við þessi 50 km mörk og stærstu þéttbýlisstaðir utan Reykjavíkur eru einnig innan 100 km radius.
4. Er enn fremur lagt til að reglugerðin gildi ekki við tímabundna mannvirkjagerð þegar ökumenn búa í skipulögðum vinnubúðum og akstur vegna mannvirkjagerðarinnar fer að hluta til fram á vegum opnum fyrir almenna umferð. Um akstur af þessu tagi gildi þannig samskonar reglur og er að finna í 11. gr. reglugerðar 662/2006 sem heimili vinnu í 12 daga án þess að taka frídag.
 - Undanþága þessi yrði í samræmi við það sem samið hefur verið um í kjarasamningum.
5. Einnig er lagt til að akstur- og hvíldartímareglur ökumanna gildi ekki um akstur á hálendisvegum sem ekki er opnir fyrir almenna umferð nema hluta af ári.

Undanþágur frá efnisreglum reglugerðarinnar:

1. Lagt er til að áfram verði heimilt að fresta vikulegum frídegi ökumanns í farþegaflutningum, öðrum en reglubundum flutningum fram til loka 12 dags og sama regla gildi um vinnu í vinnubúðum vegna mannvirkjagerðar.
 - Ef núverandi heimild í 11. gr. reglugerðar 662/2006 fellur brott mun það leiða til þess að hópferðir ferðamanna út á land á sumrin munu stytta í 6 daga ferðir eða hækka verulega í verði því skipta þyrfti um ökumann á 7 degi ferðarinnar.
2. Lagt er til að daglegur aksturstími þeirra ökumanna sem undir reglugerðina falla geti varað í 10 klukkustundir. Heimilt verði að lengja hann í allt að 11 klukkustundir, en ekki oftar en tvisvar í viku. Heildaraksturstími í tveimur samfelldum vikum skuli þó ekki fara yfir 90 klukkustundir (sem er sami heildaraksturstími og gildir samkvæmt reglugerðinni).
3. Lagt er til að á leiðinni frá höfuðborgarsvæðinu og til Austfjarða eða skemur verði daglegur aksturstími þeirra ökumanna sem undir reglugerðina falla 11 klukkustundir. Heildaraksturstími í tveimur samfelldum vikum skuli þó ekki fara yfir 90 klukkustundir (sem er sami heildaraksturstími og gildir samkvæmt reglugerðinni).
4. Lagt er til að almennur aksturstími fram að vinnuhvöld verði 5 klukkustundir í stað 4½ klukkustundar eins og reglugerðin gerir ráð fyrir.
 - Ljóst er að með því væri hægt að ná með góðu móti akstursleiðum eins og Reykjavík – Freysnes á Austurlandi.
5. Þá er lagt til að aksturstími fram að vinnuhvöld verði 6 klukkustundir í stað 4½ eins og reglugerðin gerir ráð fyrir þegar um er að ræða akstur hópþingreiða frá landsbyggðinni og að alþjóðaflugvælinum í Keflavík að nóttu til.
 - Með því móti þurfa farþegar í hópþingreiðum frá landsbyggðinni sem þurfa að ná morgunflugi í Keflavík ekki að lengja ferðartíma sinn meira en þörf krefur á þeim tíma sem ekki eru opnir neinir áningastaðir. Í fjölda ára hefur slíkur akstur tíðkast og sparað landsbyggðarfólki eina gistinótt á höfuðborgarsvæðinu nóttina fyrir flug. Mun slíkur akstur leggjast af ef farþegar þurfa að bíða í 45 mínútur á bílastæði á miðri leið þar sem ekki er neina þjónusta að fá.

Hvildarákvæði kjarasamninga og laga nr. 46/1980 (vinnuverndarlög).


Ber að hafa í huga að hvildarákvæði kjarasamninga gilda óbreytt áfram um bifreiðastjóra. Samkvæmt 52. gr. a í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og

öryggi á vinnustöðum gilda hvíldartímaákvæði þeirra laga um alla þá bifreiðastjóra, sem ekki munu falla undir nýja reglugerð samgönguráðuneytis um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.


Er SA og aðildarfélag þess tilbúin til að ræða frekar við ráðuneytið um mótun ofangreindra tillagna og innleiðingu reglugerðarinnar svo og að vera í nánú samstarfi við ráðuneytið um mótun starfsumhverfis flutninga- og hópferðabifreiða í framtíðinni.

Virðingarfyllst,


F.h. Samtaka atvinnulífsins


Guðrún Björk Bjarnadóttir


F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar


Eydís Aðalbjörnsdóttir

F.h. Samtaka iðnaðarins.


Arni Jóhannsson

F.h. Samtaka verslunar og þjónustu


Sigríy Sigurðardóttir